

## **2. fundur Ungmennaráðs Hrunamannahrepps, haldinn þriðjudaginn 13. nóvember 2018 á Café Mika og hófst hann kl: 18:00.**

Fundinn sátu: Nói Mar Jónsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn: Mathias Bragi Ölvísson, Birgir Januz Kuc, Anna Marý Karlsdóttir og Una Bóel Jónsdóttir sem skráði fundargerð. Þá sátu einnig fundinn varamennirnir: Brynja Sólveig Pálsdóttir, Ragnheiður Guðjónsdóttir og Maja Vilstrup, forstöðumaður Zero.

### **Dagskrá fundarins er eftirfarandi:**

#### **1. Málþing í Grindavík**

Brynja og Mathias segja frá málþinginu í Grindavík um umferðaöryggi sem fór fram dagana 8. og 9. nóvember.

#### **2. Umræða á breytingum á erindisbréfi og samþykkt ungmennaráðs Hrunamannahrepps**

Fórum yfir samþykktina. Allar greinar teknar fyrir. Tókum góða umræðu um allar greinar og ræddum svo hvort við ætluðum að breyta einhverju. Við ræddum eftirfarandi:

**Laun** - hvort það ætti að borga fyrir fundarsetu, það var samþykkt og tæki þá gildi eftir áramót.

**Hve lengi hver er í ráðinu** - Það kom sú hugmynd að það ætti að vera 2 ár í senn í ráðinu. Þar að segja maður er skipaður í 2 ár en sá aðili getur alltaf farið úr ráðinu eftir 1 ár, allt fer eftir hverjum og einum. Ef það er gert þá á að skipta að einu ári loknu 2 mönnum og því næsta 1 og gengur það svo koll af koli. Þessi breyting yrði vegna fulltrúa skipaða af skólanefnd en óbreyttar reglur vegna fulltrúa Flúðaskóla og Zero.

**Starfstími** - ætti að vera frá 10. október - 10. júní. Réttir eru oft í september og er erfitt að byrja þá.

**Hækka aldurinn** - Umræða um hvort það ætti að hækka aldurinn sem er í ráðinu. Nú er aldurinn frá 14-20 ára en allir töldu aldurinn eigi að hækka t.d frá 14-24.

**Fundartíðni** - Hafa a.m.k. 4 fundi á ári (2 fyrir jól og 2 eftir jól).

#### **3. Sameiginlegur fundur með ungmennaráðum**

Ræddum aðeins um sameiginlegan undirbúningsfund milli ungmennaráðanna í Hrunamannahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Það er fyrir málþing sem stefnt er að hafa næsta vor. Formaður sér um að skipuleggja fund með Skeið- og Gnúpverjahreppi fyrir 20. Janúar.

#### 4. Þing ungmenna í uppsveitum

Rætt var um málþingið sem stefnt er að hafa næsta vor. Nóri sagði aðeins frá því hvaða hugmyndir hafa komið fram um þema þingsins og ætlar að ræða meira við Ástráð formann ungmennaráðs Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Tillögur að nöfnum fyrir málþingið voru rædd og Mathias kom með hugmynd að nafni sem hljóðar svona: Hvert stefna uppsveitirnar sem var samþykkt. Ráðið kom með uppástungur fyrir málefni sem geta komið fram á þessu málþingi s.s. sjálfbæran landbúnað, flokkun úrgangs, efla nýsköpun, efla uppbyggingu, menningarlegri uppbyggingu og geðheilbrigði.

#### 5. Hugmyndir ungmennaráðs

- Anna Marý kom með þá hugmynd að setja hoppublöðru í lækjagarðinn, við hliðina á félagsheimilinu.
- Umræður um rusl. Hvernig á að bæta aðgengi að ruslatunnum, betri flokkun, samræna flokkunartunnur. Betra aðgengi að ruslatunnum hjá fótoboltavellinum.
- Skólalóðin, setja hitalagningar undir körfuboltavöllinn. Á veturna verður alltaf mikil hálka og ekki hægt að spila mikið. Setja fleiri rampa á skólalóðina.
- Könnun í skóla. Könnun fyrir krakkana til að vita hvað þeir vilja, leiktæki o.s.frv.
- Nota peninginn sem við fáum. Getum ef til vill keypt eitthvað fyrir skólann eða félagsheimilið (Zero).
- Næsti fundur verður a.m.k. fyrir 20. janúar.

**Fundi slitið kl. 20:30**